

✉ Urðunarstaður í Stekkjarvík-Aukin urðun, landmótun og rekstur brennsluofns-frummatsskýrsla

Búið til	18.6.2020 15:07:58
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.6.2020 15:07:56
Tilheyrir	📁 202005-0043 - Urðunarstaður Stekkjarvíkur, aukin urðun, landmótun og rekstur brennsluofns, Blönduósbæ - beiðni um umsögn

Efni

Urðunarstaður í Stekkjarvík-Aukin urðun, landmótun og rekstur brennsluofns-frummatsskýrsla
--

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.6.2020 15:07:56	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-2 Umsagnir um matsskýrslur/matsáætlanir		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is, jon@skipulag.is

Innihald

<p>Tilvísun í málsnr. 202005-0043 (TB)</p> <p>Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 18. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna aukningu á urðun sorps, landmótunar og rekstur brennsluofns á urðunarstað Blönduósbæjar í Stekkjarvík á vegum Norðurá bs.</p> <p>Fram kemur í frummatsskýrslunni að að um er að ræða aukningu á urðun á árlegu magni af sorpi úr 21.000 t í 30.000 t vegna stækkunar þess svæðis sem sorp berst frá en ekki er gert ráð fyrir að heildarmagn sorps á urðunarstaðnum aukist frá fyrra mati og verði 630.000 t í lok rekstrartíma sem er 30 ár. Möguleg viðbót við núverandi rekstur er að taka í notkun brennsluofn til að brenna dýrahrae sem er um 1000 tonn á ári. Urðað verður á sama svæði og í dag sem er á skipulagi en samhliða mati verður unnið nauðsynlegum skipulagsbreytingum vegna aukningarinnar.</p> <p>Að mati Náttúrufræðistofnunar, og með hliðsjón af því að sorpurðunin verður áfram á sama svæði og ekki er um að ræða aukningu á heildarmagn sorps, má gera ráð fyrir að viðbótaráhrif á jarðminjar/landslag, gróðurfar, fuglalíf eða annað dýralíf/lífriki á svæðinu verði lítil sem engin ef farið er að ströngustu mengunarrörnum og frágangur allur í samræmi við það sem fram kemur í frummatsskýrslunni.</p> <p>Niðurstaða</p>

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna og með hliðsjón af því að um er að ræða mat á umhverfisáhrifum vegna aukningar á urðun á núverandi sorpurðunarsvæði telur Náttúrufræðistofnun að frummatsskýrslan geri nægjanleg vel grein fyrir fyrirhugaðir framkvæmd, umhverfi og áhrifum á þá þætti sem snúa beint að hlutverki stofnunarinnar þ.e. áhrifum á náttúruminjar s.s. jarðminjar, landslag og plöntu- og dýralíf og þá meðal annars m.t.t. náttúruverndarsvæða og skynsamlegrar landnotkunar almennt. Urðunarvæðið er á samþykktu skipulagi og í nýtingu og verður nýtt skipulag unnið samhliða mati á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera sérsakar athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Umsýsla og eftirlit með mengun og mengunarvörnum er almennt utan verksviðs Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin leggur engu að síður áherslu á að alltaf séu gerðar yrtustu kröfur um mengunarvarnir og umgengni um sorpurðunarsvæði, þ.m.t. svæðið í Stekkjarvík.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)